



# FJÁRMAGN TIL FRÆÐSLU

## Allir fræðslusjóðir á einum stað

Rétt fræðsla og þjálfun eflir starfsfólk og er lykillinn að velgengni fyrirtækja til lengri og skemmri tíma. Árangursmiðuð fræðsla eykur samkeppnishæfni fyrirtækisins og starfsmanna þess og bætir gæði vöru og þjónustu. Nú getur þú sótt um styrk til fræðslu starfsmanna fyrirtækisins á einum stað.

Skilaðu inn einni umsókn og sæktu þannig um styrk úr mörgum fræðslusjóðum atvinnulífsins samtímis. Flóknara er það ekki. Áttin.is er eina vefsíðan sem þú þarft að heimsækja til að sækja þér fjármagn til fræðslu. Þú getur sótt um styrk til fræðslu fram í tímann eða allt að 12 mánuði aftur í tímann.

Á Áttin.is getur þú einnig sótt um aðra þjónustu fræðslusjóða, framboðið er þó misjafnt milli sjóða. Til dæmis er hægt að sækja um lækkað iðgjald, styrki til eigin fræðslu fyrirtækis og Fræðslustjóra að láni. Einnig eru tenglar á námskeiðsframboð IDUNNAR og Rafiðnaðarskólans.

Lækkað iðgjald er í boði til fyrirtækja sem hafa verslunarmenn innan sinna raða. Fyrirtæki leggja fram fræðsluáætlun ásamt öðrum gögnum og sækja um lækkað iðgjald.

Ef fyrirtæki nýta þekkingu sinna starfsmanna til kennslu á námskeiðum veita sumir sjóðir styrki samkvæmt fyrirfram samþykktri fræðsluáætlun.

Fyrirtæki geta einnig sótt um fræðslustjóra að láni, sér að kostnaðarlausu. Fræðslustjórinn er utanaðkomandi mannauðs-ráðgjafi sem fer yfir fræðslumál fyrirtækisins, þarfagreinir með aðstoð starfsmanna og stjórnenda og leggur til sérstaka fræðsluáætlun. Sjóðirnir taka síðan þátt í fjármögnun áætlunarinnar.

Nánari upplýsingar á [attin.is](http://attin.is)

